

hræddur við það. Það gæti vel verið, að einhver björninn væri í einhverju horninu.

Solla hugsaði með sér: „Ekki vill hún mamma míni þó að eg fari, úr því að Siggi og Kobbi eru heima. Eg er komin úr skónum mínum. Mér er líka illa við að fara út í kuldann.“

Þegar nú mamma var búin að skrifa bréfið, leit hún upp. Þá sér hún Sigga sokkium niður í reikning. Kobbi var allur við gullin sín. Solla var að keppast við, alt sem hún gat, að prjóna hettu á brúðuna sína. Villi litli stóð einn hjá mönnu sínni. Hann var kominn í stóru stígvélin sín og yfirfrakkann sinn með kragann upp yfir eyru á sér.

„Eg er til, mamma!“—sagði hann.

„En ertu ekki hræddur. Villi minn, að fara einn?“—spurði hún. „Það er dímt úti og kalt.“

„Mér þykir vænt um þig, mamma“—sagði hann. „Eg vil h'aupa fljótt, og eg held ekki, að nokkuð geri míér neitt.“

„Jæja, þú mátt fara“—sagði mamma. „En þú mátt ekki villast, litli minn. Eg horfi á eftir þér úr glugganum. Eg veit nú, lverjum þykir vænst um mig“—baði hún við brosandí, en þó með sorgar-svip. „Kærleikurinn hugsar ekki um sjálfan sig. Og kærleikurin sigrar ót ann. Er það ekki satt. Villi minn?“

*KÆRU BÖRN.*—Munið eftir auglýsingunni í síðasta blaði „Barnanna.“

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, há'f örkl. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. Jón J. Uopni er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“. Einnig gegnir hann félagsmálastörfum fyrir kirkjufélagið, og sé honum greidd öll tillög í sjóð félagsins.

*Address:* Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man., Canada.